



Uppgjör 3F 2024

ELKO  KRÓNAN  N1  LYFJA  BAKKINN
vöruhótel  Yrkir   FESTI

31. október 2024

Ásta S. Fjeldsted
Magnús Kr. Ingason



- **Starfsemin á 3F 2024**

- Uppgjör 3F 2024


- Staða og horfur

Helstu niðurstöður á 3F 2024

Vörusala

44,3 ma.kr.


+18,5% milli ára



Framlegð af vörusölu

24,5%


+1,5 p.p. milli ára



Laun/Framlegð af vörusölu

44,6%


+1,7 p.p. milli ára



EBITDA

4.741 m.kr.


+21,4% milli ára



EBITDA/Framlegð af vörusölu

43,8%


-1,7 p.p. milli ára




Handbært fé frá rekstri

4.643 m.kr.



+37,2% milli ára



Fjöldi viðskiptavina og sala á þriðja ársfjórðungi eykst milli ára



Aukning í innlendri og erlendri kortaveltu



2023 2024



Samstæða og framkvæmdastjórn Festi

REKSTRARFÉLÖG FESTI



Framkvæmdastjóri ELKO
Óttar Örn Sigurbergsson



Framkvæmdastjóri N1
Ásta S. Fjeldsted
(starfandi)



Framkvæmdastjóri Krónunnar
Guðrún Aðalsteinsdóttir



Framkvæmdastjóri Lyfju
Karen Ósk Gylfadóttir

MÓÐURFÉLAG OG STÖDFÉLÖG



Framkvæmdastjóri
Bakkans
Eva Guðrún Torfadóttir



Framkvæmdastjóri
Fjármála- og rekstrarsviðs
Magnús Kr. Ingason



Framkvæmdastjóri
Yrkis eigna
Óðinn Árnason

Forstjóri Festi
Ásta S. Fjeldsted



Fréttir af Festi



Formlegt sölufjerli hafið á eignarhlut félagsins í ODR

- ◆ Þann 26. september sl. komust Festi og Olís að samkomulagi um að hefja formlegt sölufjerli á eignarhlutum félaganna í Olíudreifingu ehf.
- ◆ Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hefur umsjón með sölufjerlinu.
- ◆ Nánar verður upplýst um framgang sölufjerlisins um leið og tilefni er til.



Sameining skrifstofu- húsnaðis og stoðþjónustu

- ◆ Þann 11. nóvember nk. flytur skrifstofa Lyfju í höfuðstöðvar Festi að Dalvegi 10-14.
- ◆ Samhliða þessari breytingu sameinast stoðþjónusta félaganna en það er liður í fjölda verkefna sem unnið er að til að ná fram samlegð vegna kaupanna á Lyfju.
- ◆ Verkefnin taka mislangan tíma en áætlanir gera ráð fyrir að stærstum hluta verkefnanna verði lokið á næstu 12 mánuðum.



Sáttaviðræður við Samkeppniseftirlitið

- ◆ Samkeppniseftirlitið (SE) hefur haft til rannsóknar ætluð brot Festi á sátt frá 30. júlí 2018 vegna samruna N1 og Festi og á upplýsingaskyldu skv. 19. gr., sbr. 17. gr. samkeppnislaga.
- ◆ 29. október sl. óskaði Festi eftir að hefja formlegar sáttaviðræður vegna málsins. SE hefur fallist á það og munu viðræður leiða í ljós hvort forsendur séu til að ljúka málinu með sátt.
- ◆ Festi gerir sér grein fyrir að lyktir málsins kunna að fela í sér að félaginu verði gert að greiða sekt.

Karen Ósk tekin við sem framkvæmdastjóri Lyfju



- ♦ **Karen Ósk Gyldadóttir var ráðin framkvæmdastjóri Lyfju** þann 11. október sl. og tók strax til starfa. Samhliða tók hún sæti í framkvæmdastjórn Festi.
- ♦ Lyfja starfrækir í dag **44 apótek og útibú** allan hringinn í kringum landið auk vefverslunar og apps sem njóta síaukinna vinsælda.
- ♦ **Hlutfall stafrænna dreifileiða** af heildarveltu Lyfju **hefur vaxið um 50% miðað við sama tímabil í fyrra**. Stöðugt er unnið að þróun og endurbótum og nú síðast var heimaskjár Lyfjuappsins endurhannaður til að auka aðgengi að vörum og þjónustu Lyfju.
- ♦ **Apótek Lyfju á Seyðisfirði** opnaði í nýju húsnæði við Austurveg 18 og hefur verið vel tekið.
- ♦ **Afgreiðslufjöldi** á fjórðungnum **jókst um 3%** milli ára og **meðmælaskor** Lyfju hefur **aldrei mælst hærra**.
- ♦ Lyfja er **Framúrskarandi fyrirtæki** CreditInfo og **handhafi Jafnvægisvogar FKA**.



Nýtt dekkjahótel, nýjar þvottastöðvar og nýr valkostur fyrir díselbílaeigendur




- ♦ Auglýst hefur verið eftir **nýjum framkvæmdastjóra N1**. Umsóknarfrestur rann út 27. október sl.
- ♦ **N1 Fossvogi hóf sölu á lífrænum dísel (VLO)** til almennings fyrst þjónustustöðva á Íslandi – **kolefnissporið** er allt að **90% minna** en af jarðefnaeldsneyti.
- ♦ **Dekkjatörnin fer vel af stað** hjá Bílaþjónustu N1 sem **hefur umfelgað 15% fleiri farartæki** í hausttörninni m.v. sama tímabil í fyrra.
- ♦ **Nýtt og stærra dekkjahótel við Borgarhelli** er komið í notkun. Félagið getur nú betur mætt aukinni eftirspurn viðskiptavina eftir vinsælli þjónustu.
- ♦ **Sjálfvirkar þvottastöðvar hafa nú opnað á fjórum stöðum** og fljótlega bætast við stöðvar á Hafnargötu, Reykjanesbæ og Hörgárbraut, Akureyri.
- ♦ **Hleðslugarður Tesla** hefur opnað á **Flugvöllum, Reykjanesbæ** auk þess sem **átta ný hleðslustæði** Tesla hafa opnað við **Staðarskála**. Framkvæmdir eru að hefjast á Blönduósi og stefnan svo sett á Hólmavík.
- ♦ **Afgreiðslufjöldi á þjónustustöðvum** dróst saman um 8,1% miðað við sama tíma í fyrra. Þar vógu óhagstæð veðurskilyrði þungt til viðbótar við fækkun erlendra ferðamanna á fjórðungnum.
- ♦ N1 er **Framúrskarandi fyrirtæki** CreditInfo og hlaut **Jafnvægisvog FKA**.



Endurbætt verslun ELKO Lindum opnar í dag



- ◆ **Verslun ELKO Lindum opnar í dag** eftir mikla endurnýjun og breytingar.
- ◆ Samdráttur í sölu í Lindum á framkvæmdatíma færðist að öllu leyti yfir í aðrar verslanir ELKO sem voru með **17% söluaukningu**.
- ◆ Raftækjamarkaður óx um 2,7% á ársfjórðungnum skv. mælingum Meniga en **ELKO var með 9% aukningu**.
- ◆ **Vöxtur var í bæði vörusölu og þjónustutekjum** á fjórðungnum milli ára. Aukin áhersla á þjónustu- og tryggingasölu leiddi af sér 17% söluaukningu í vöruflokknum á tímabilinu.
- ◆ **Hlutfall vefverslunar af heildarveltu jókst** milli ára¹ og var **25,0%** á fjórðungnum á móti 22,3% í fyrra.
- ◆ **Sala til fyrirtækja eykst áfram** og var **19,2%** af heildarveltu á fjórðungnum á móti 19% á fyrra ári.
- ◆ ELKO er **Framúrskarandi fyrirtæki** CreditInfo og **handhafi Jafnvægisvogarinnar**.



Söluhæsti fjórðungur Krónunnar hingað til

- ◆ **Fjöldi afgreiðslna jókst um tæp 9% milli ára og fjöldi seldra stykkja um tæplega 8%.**
- ◆ **Velta Snjallverslunar jókst um rúm 40% milli ára og hófust heimsendingar fyrir íbúa uppsveita í Árnassýslu á fjórðungnum.**
- ◆ Sífelld stærri hópur viðskiptavina kýs lífrænar vörur og vinnur Krónan að því að **auka bæði úrval og sýnileika lífrænna vara** í verslunum sínum – **fyrsta lífræna hornið** hefur litið dagsins ljós í **Krónunni í Lindum** og hefur verið vel tekið af viðskiptavinum.
- ◆ **Framkvæmdir eru hafnar í Krónunni Bíldshöfða** og stefnt er að því að opna glæsilega og endurbætta verslun um mánaðarmótin nóvember / desember.
- ◆ **Krónan hlaut viðurkenningu Sjálfbærniássins 2024** sem er nýr samræmdur mælikvarði sem mælir viðhorf íslenskra neytenda til frammistöðu fyrirtækja og stofnana í sjálfbærnimálum.
- ◆ Krónan er **Framúrskarandi fyrirtæki** CreditInfo og handhafi **Jafnvægisvogarinnar**.






- Starfsemin á 3F 2024
- **Uppgjör 3F 2024**
- Staða og horfur

Rekstur 3. ársfjórðungs 2024


- ◆ **Tekjur af vöru- og þjónustusölu** jukust um 6,9 ma. kr. eða 18,5% á milli ára.
- ◆ **Framlegð af vörusölu** nam 10.829 millj. kr. Aukningin nam 2.255 millj. kr. eða 26,3% á milli ára.
- ◆ **Framlegðarstig** nam 24,5% og hækkar um 0,7 p.p. frá öðrum ársfjórðungi 2024 og hækkar um 1,5 p.p. milli ára.
- ◆ **Laun og starfsmannakostnaður** nam 4.826 millj. kr., hækkun um 1.150 millj. kr. eða 31,3% milli ára.
- ◆ **Stöðugildin** voru 1.773 á fjórðungnum, aukning um 358 eða 25,3% á milli ára.
- ◆ **Annar rekstrarkostnaður** hækkar um 322 millj. kr. eða 21,0% milli ára.
- ◆ **EBITDA** nam 4.741 millj. kr. á þriðja ársfjórðungi 2024, hækkun um 836 millj. kr. eða 21,4% milli ára.
- ◆ **Hagnaður tímabilsins** nam 2.232 millj. kr. og hækkar um 416 millj. kr. milli ára.

Milljónir króna	3F 2024	3F 2023	Breyt.	% Breyt.
Tekjur af vöru- og þjónustusölu	44.257	37.334	6.923	18,5%
Framlegð af vörusölu	10.829	8.575	2.255	26,3%
Leigutekjur og aðrar rekstrartekjur	588	535	53	9,9%
Laun og annar starfsmannakostnaður	(4.826)	(3.676)	(1.150)	31,3%
Annar rekstrarkostnaður	(1.850)	(1.529)	(322)	21,0%
EBITDA	4.741	3.905	836	21,4%
EBIT	3.429	2.825	603	21,4%
EBT	2.746	2.215	530	23,9%
Hagnaður tímabilsins	2.232	1.816	416	22,9%
Lykiltölur				
EBITDA/framlegð af vörusölu	43,8%	45,5%	-1,7 p.p.	-3,9%
Laun/framlegð af vörusölu	44,6%	42,9%	+1,7 p.p.	3,9%
Hagnaður á hlut	7,30	5,96	1,33	22,4%


Vörusala



Framlegð af vörusölu




EBITDA




Ytri áhrifapættir 3F 2024

- ◆ **Þróun verðlags, launa og vaxtastigs**
 - ◆ **Hækkun launavísitölu sl. 12 mánuði nam 6,1%.** Launavísitalan mældist 1.017,1 í lok fjórðungsins samanborið við 958,5 í lok þriðja fjórðungs 2023.
 - ◆ **Hækkun neysluverðsvísitölu sl. 12 mánuði nam 5,4%.** Neysluverðsvísitala mældist 632,3 í lok fjórðungsins samanborið við 599,9 í lok þriðja fjórðungs 2023.
 - ◆ **Stýrivextir Seðlabankans óbreyttir sl. 12 mánuði** og stóðu í 9,25% í lok fjórðungsins

Verðbólga og vísitala launa (ársbreyting)



Stýrivextir Seðlabanka Íslands




Ytri áhrifabættir 3F 2024


- ◆ Sveiflur í gengi eldsneytisverðs milli ára:
 - ◆ **Gasolía lækkaði um 15,9% á 3F 2024** en hækkaði um 39,7% á sama fjórðungi árið áður. **Meðalverð** var 19,9% lægra milli ára.
 - ◆ **Bensín lækkaði um 16,8% á 3F 2024** en hækkaði um 9,9% á sama fjórðungi árið áður. **Meðalverð** var 18,4% lægra milli ára.

- ◆ Sveiflur í gengi USD/ISK og EUR/ISK á 3F 2024:
 - ◆ **USD veiktist** um 2,4% gagnvart ISK og munur á hæsta og lægsta gengi nam 4,0%.
 - ◆ **EUR styrktist** um 1,0% gagnvart ISK og munur á hæsta og lægsta gengi nam 3,5%.

Verðþróun á Mogas 95 og Dísel




Þróun á gengi gjaldmiðla




Framlegð af vörusölu á 3F

- ◆ **Aukin vörusala** í öllum vöruflokkum frá fyrra ári. **Framlegðarstig hækkar** í öllum flokkum.
- ◆ **Heildarframlegð** nam 10.829 millj. kr. og eykst um 26,3% frá fyrra ári.
- ◆ **Framlegðarhlutfallið á 3F 2024 var 24,5%**, hækkar um 0,7 p.p. frá síðasta ársfjórðungi og um 1,5 p.p. frá síðasta ári.
- ◆ **Framlegð af dagvöru í krónum** eykst um 19,8% frá fyrra ári, **eldsneyti og rafmagn** eykst um 10,9%, **raftæki** aukast um 8,7% og **aðrar vörur** hækka um 14,6% milli ára.


Framlegð af vörusölu




Dagvara




Eldsneyti og rafmagn




Raftæki



Lyf og lausasöluþlyf





Aðrar vörur og þjónusta



Laun og starfsmannakostnaður á 3F 2024

- ♦ **Laun og starfsmannakostnaður** nam 4.826 millj. kr. og hækkar um 1.150 millj. kr. eða 31,3% á milli ára.
- ♦ **Stöðugildum fjölgar um 358 milli ára en 95 án Lyfju.**
Hækkun vegna stöðugilda án Lyfju nemur 256 millj. kr.
 - ♦ Nýtt verkstæði á Flugvöllum, ný verslun Ísey á Granda, aukning tengd útrás Snjallverslunar, minnkun yfirvinnu með fjölgun stöðugilda ásamt auknum umsvifum skýra aukninguna milli ára.
- ♦ **Hækkun vegna sammingsbundinna launahækkana** nemur 150 millj. kr. milli ára.
- ♦ **Hækkun milli ára nemur 3,9%** án áhrifa aukningar í stöðugildum, einskiptisáhrifa vegna starfslokasamninga og stöðugilda frá Lyfju.

Laun og starfsmannakostnaður 3F 2023	3.676
Stöðugildi - breyting	256
Sammingsbundnar launahækkanir	150
Orlofsskuldbinding	-43
Áhrif vegna Lyfju	826
Aðrar breytingar	-39
Laun og starfsmannakostnaður 3F 2024	4.826



N1 - Helstu niðurstöður á 3F 2024

- Tekjur námu 16.841 millj. kr., minnkun um 2 millj. kr. milli ára.
- Sala eldsneytis og rafmagns eykst um 362 millj. kr. eða 3,0%. Salan nam 71,7 millj. lítrum sem er 2,5% aukning frá síðasta ári. Ágæt magnaukning var í flestum tegundum.
- Framlegð eldsneytis og rafmagns hækkar um 258 millj. kr. eða 10,9%.
- EBITDA nam 2.073 millj. kr. sem er hækkun um 64 millj. kr. eða 3,2% á milli ára.
- Hagnaður á fjórðungnum var 875 millj. kr., og hækkar um 97 millj. kr á milli ára.



Afgreiðslustaðir eldsneytis



Hjólbarða og smurverkstæði



Afgreiðslustaðir rafhleðslu

	3F 2024	3F 2023	Breyting	%
Heildartekjur	16.841	16.843	(2)	0,0%
Heildargjöld	(14.768)	(14.834)	66	-0,4%
EBITDA	2.073	2.009	64	3,2%
EBITDA-hlutfall	12,3%	11,9%	+0,4 p.p.	3,2%
EBIT	1.332	1.264	67	5,3%
EBIT-hlutfall	7,9%	7,5%	+0,4 p.p.	5,3%
Hagnaður	875	778	97	12,4%

Krónan - Helstu niðurstöður á 3F 2024

- Tekjur 18.822 millj. kr., hækkun um 2.084 millj. kr. eða 12,4% á milli ára.
- Sami fjöldi verslana en nýir staðir opna í Snjallverslun milli ára.
- Framlegðarstig hækkar vegna ýmissa aðgerða sem hafa skilað góðum árangri á kostnaðarhliðinni.
- EBITDA 1.629 millj. kr., sem er hækkun um 255 millj. kr eða 18,6% á milli ára.
- Hagnaður nam 765 millj. kr. sem er hækkun um 179 millj. kr. eða 30,5% á milli ára.



27
Matvöruverslanir



Fyrsta verslunarkeðjan á Íslandi með svansvottun



7 ár
Ánægðustu viðskiptavinir á matvörumarkaði

	3F 2024	3F 2023	Breyting	%
Heildartekjur	18.822	16.738	2.084	12,4%
Heildargjöld	(17.193)	(15.365)	(1.828)	11,9%
EBITDA	1.629	1.373	255	18,6%
EBITDA-hlutfall	8,7%	8,2%	+0,4 p.p.	5,5%
EBIT	1.032	828	204	24,6%
EBIT-hlutfall	5,5%	4,9%	+0,5 p.p.	10,8%
Hagnaður	765	586	179	30,5%

ELKO - Helstu niðurstöður á 3F 2024

- Tekjur 4.853 millj. kr., aukning um 402 millj. kr. eða 9,0% á milli ára.
- Aukning veltu í öllum verslunum milli ára nema Lindum en verslunin er í miklum endurbótum og opnar aftur í dag.
- Ný endurbætt verslun á Keflavíkurflugvelli fer vel af stað, aukningin nemur 27% milli ára.
- Framlegðarstig lækkar um 0,2 p.p. frá síðasta ársfjórðungi og 0,1 p.p. milli ára.
- EBITDA 464 millj. kr. sem er minnkun um 12 millj. kr. eða 2,5% á milli ára.
- Hagnaður nam 211 millj. kr. sem er lækkun um 24 millj. kr. eða 10,1% milli ára.



Raftækjaverslanir



Jafnvægisvogin 2024



Framúrskarandi fyrirtæki 2024

	3F 2024	3F 2023	Breyting	%
Heildartekjur	4.853	4.452	402	9,0%
Heildargjöld	(4.389)	(3.976)	(414)	10,4%
EBITDA	464	476	(12)	-2,5%
EBITDA-hlutfall	9,6%	10,7%	-1,1 p.p.	-10,6%
EBIT	306	326	(20)	-6,3%
EBIT-hlutfall	6,3%	7,3%	-1,0 p.p.	-14,0%
Hagnaður	211	234	(24)	-10,1%

Lyfja - Helstu niðurstöður á 3F 2024

- Tekjur 4.930 millj. kr., aukning um 737 millj. kr. eða 17,6% á milli ára.
- EBITDA 473 millj. kr. sem er aukning um 111 millj. kr. eða 30,7% á milli ára.
- Hagnaður nam 185 millj. kr. sem er aukning um 76 millj. kr. eða 69,5% milli ára.



44

Apótek og útibú



Jafnvægisvogin 2024



Framúrskarandi
fyrirtæki 2024

	3F 2024	3F 2023	Breyting	%
Heildartekjur	4.930	4.193	737	17,6%
Heildargjöld	(4.457)	(3.831)	(626)	16,3%
EBITDA	473	362	111	30,7%
EBITDA-hlutfall	9,6%	8,6%	+1,0 p.p.	11,1%
EBIT	284	215	69	32,0%
EBIT-hlutfall	5,8%	5,1%	+0,6 p.p.	12,3%
Hagnaður	185	109	76	69,5%

Yrkiir - Helstu niðurstöður á 3F 2024

 **83**
Fasteignir í eigu samstæðunnar

 **98%**
Húsnæðis í útleigu

 **90%**
Eigin not húsnæðis


- Allur fasteignarekstur samstæðunnar færður undir Yrki frá 1. janúar 2024 sem gera samanburð við sama tímabil í fyrra erfiðan.
- Tekjur 1.086 millj. kr., aukning um 602 millj. kr. eða 124,2% á milli ára.
- Hreinar rekstrartekjur fasteigna (NOI) 937 millj. kr. en var 988 millj. kr. fyrir alla samstæðuna á 3F 2023.
- Hlutfall húsnæðis í útleigu nemur 98% og stendur í stað milli ára.
- EBITDA nam 879 millj. kr. og tap tímabilsins 48 millj. kr.

	3F 2024	3F 2023	Breyting	%
Heildartekjur	1.086	485	602	124,2%
Heildargjöld	(207)	(113)	(94)	83,3%
EBITDA	879	372	508	136,6%
EBITDA-hlutfall	81,0%	76,7%	+4,3 p.p.	5,5%
EBIT	380	203	177	87,6%
EBIT-hlutfall	35,0%	41,8%	-6,8 p.p.	-16,3%
Hagnaður	(48)	(48)	(1)	1,3%


Efnahagsreikningur 30.09.2024

Milljónir króna	30.9.2024	31.12.2023	Breyt.	%
Viðskiptavild	21.947	14.842	7.105	47,9%
Aðrar óefnislegar eignir	4.519	4.260	259	6,1%
Rekstrarfjármunir	36.928	35.779	1.150	3,2%
Leigueignir	10.769	8.097	2.673	33,0%
Fjárfestingarfasteignir	6.949	6.647	302	4,5%
Eign í hlutdeildarfélögum	2.837	2.621	216	8,3%
Eign í öðrum félögum	14	14	0	0,0%
Langtímakröfur	45	145	(100)	-68,7%
Fastafjármunir alls	84.010	72.405	11.605	16,0%
Birgðir	14.836	13.557	1.279	9,4%
Viðskiptakröfur	7.106	5.985	1.121	18,7%
Aðrar skammtímakröfur	1.120	723	397	54,8%
Handbært fé	6.064	3.362	2.702	80,4%
Veltufjármunir alls	29.126	23.627	5.499	23,3%
Eignir samtals	113.136	96.032	17.104	17,8%

Veltufjárhlutfall



Veltuhraði birgða




- ♦ Heildareignir námu 113 ma. kr. og hækka um 17.104 millj. kr. frá áramótum þar af 11.636 millj. kr. vegna eigna Lyfju.
- ♦ Viðskiptavild hækkar um 7.105 millj. kr. vegna kaupanna á Lyfju en útteiling viðskiptavildar hefur ekki enn farið fram.
- ♦ Leigueignir hækka um 2.673 millj. kr. að mestu vegna kaupanna á Lyfju.
- ♦ Hækkun veltufjárliða, vörubirgða og viðskiptakrafna skýrist einnig að mestu vegna áhrifa frá Lyfju.
- ♦ Handbært fé 6.064 millj. kr. í lok fjórðungs sem er 2.702 millj. kr. hækkun frá áramótum.


Efnahagsreikningur 30.09.2024

Milljónir króna	30.9.2024	31.12.2023	Breyt.	%
Eigið fé	40.434	35.842	4.592	12,8%
Skuldir við lánastofnanir	30.894	26.681	4.213	15,8%
Leiguskuldir	10.227	7.793	2.434	31,2%
Tekjuskattskuldbinding	7.140	6.185	955	15,4%
Langtímaskuldir alls	48.262	40.659	7.603	18,7%
Skuldir við lánastofnanir	2.471	1.807	664	36,7%
Leiguskuldir	1.354	859	495	57,6%
Viðskiptaskuldir	11.717	9.760	1.956	20,0%
Aðrar skammtímaskuldir	8.899	7.104	1.795	25,3%
Skammtímaskuldir alls	24.440	19.531	4.909	25,1%
Skuldir og eigið fé alls	113.136	96.032	17.104	17,8%

Nettó vaxtaberandi skuldir



Nettó vaxtaberandi skuldir/EBITDA




- ♦ **Eiginfjárhluftfall 35,7%** í lok tímabilsins.
- ♦ Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir **hækka um 3.751 millj. kr.**, þar af viðskiptaskuldir um 1.956 millj. kr. vegna áhrifa frá Lyfju.
- ♦ **Nettó vaxtaberandi skuldir** námu 38.881 millj. kr. og **hækka um 5.103 millj. kr. frá áramótum vegna áhrifa frá Lyfju.**
- ♦ Fjármagnsskipan samstæðunnar er **í takti við stefnu félagsins og vel innan marka lánaskilmála við lánastofnanir.**

Sjóðstreymi samstæðunnar á 3F 2024

- ◆ **Handbært fé frá rekstri nam 4.643 millj. kr. og hækkar um 1.260 millj. kr. milli ára.**
- ◆ **Fjárfestingar námu 1.244 millj. kr. á 3F 2024, aukning um 217 millj. kr. milli ára.**
- ◆ **Afborganir af lánum og leiguskuldum námu 669 millj. kr.**
- ◆ **Hækkun handbærs fjár á 3F 2024 nam 2.696 millj. kr.**

Milljónir króna	3F 2024	3F 2023	Breyt.	%
Handbært fé í upphafi tímabils	3.395	2.326	1.069	46,0%
Handbært fé frá rekstri	4.643	3.383	1.260	37,2%
Fjárfestingar	(1.244)	(1.028)	(217)	21,1%
Aðrar fjárfestingahreyfingar	(4.014)	90	(4.104)	-4553,9%
Viðskipti við hluthafa	0	(290)	290	-100,0%
Viðskipti við lánastofnanir	3.312	(214)	3.525	-1650,9%
Gengismunur af handbæru fé	(27)	(37)	10	-27,5%
Handbært fé í lok tímabils	6.064	4.232	1.833	43,3%






- Starfsemin á 3F 2024
- Uppgjör 3F 2024
- **Staða og horfur**

Gengi hlutabréfa á Nasdaq OMX

Hluthafar (10 stærstu)	%
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	12,4
Lífeyrissj.starfsm.rík. A-deild	11,2
Gildi - lífeyrissjóður	9,7
Brú Lífeyrissjóður starfs sveit	9,1
Stapi lífeyrissjóður	5,7
Birta lífeyrissjóður	4,8
Almennir lífeyrissjóðurrinn	4,7
Frjálsir lífeyrissjóðurrinn	3,6
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	3,0
Lífeyrissjóður starfsm Rvborgar	2,8

Markaðsupplýsingar	30.9.2024	31.12.2023	Breyting
Útistandandi hlutir	311 m.	301 m.	3,3%
Verð í lok tímabils	218 kr.	205 kr.	6,3%
Markaðsvirði	67.853 m.kr.	61.757 m.kr.	9,9%
Velta 12m	19.839 m.kr.	22.781 m.kr.	-12,9%
Fjöldi hluthafa	1.151	1.191	-3,4%



Helstu atriði og horfur árið 2024

Helstu atriði:

- ♦ **Rekstur fjórðungsins gekk vel** og var niðurstaðan betri en áætlanir gerðu ráð fyrir.
- ♦ **Lyfja kemur inn í samstæðuna frá 1. júlí 2024 og litar allar rekstrartölur í samanburði milli ára.**
- ♦ **Vörusala fjórðungsins jókst** um 18,5% og **framlegð af vörusölu** um 26,3%.
- ♦ **EBITDA fjórðungsins hækkar um 21,4% milli ára og hagnaður hækkar um 22,9% milli ára.**
- ♦ **Mikill fókus áfram** á framlegð, hagræðingu í rekstri og lækkun kostnaðar.
- ♦ **Horfur fyrir síðasta ársfjórðung ársins eru ágætar.**

Afkomuspá og fjárfestingaspá ársins 2024

- ♦ **EBITDA spá Festi** fyrir árið 2024 er **hækkuð um 400 millj. kr.** og nemur **12.700 – 13.100 millj. kr.**
- ♦ **CAPEX spá Festi** fyrir árið 2024 er lækkuð um 400 millj. kr. og nemur **4.000 – 4.400 millj. kr.**

Forsendur og áhætta:

- ♦ Áhrif stýrivaxtahækkana á hagkerfið í heild.
- ♦ Áhrif stríðsátaka á vöruframboð og heimsmarkaðsverð hrávara.
- ♦ Há verðbólga og gengi íslensku krónunnar.
- ♦ Óvissa um fjölda ferðamanna til Íslands og ferðalög Íslendinga til útlanda.

Samstæðan og hlutdeildarfélög



Bakkinn rekur tvö vöruhús, í Skarfa-görðum og Kletta-görðum, sem sér-hæfa sig í vöruhýs-ingu, þökkun, vöru-merkingu, afgreiðslu og dreifingu á vörum fyrir viðskiptavinum.



ELKO er stærsta raf-tækjaverslun lands-ins með fimm versl-anir ásamt einni stærstu vefverslun landsins.



Krónan er lágvöruverðsverslun sem rekur 26 verslanir um land allt auk Snjallverslunar.



Lyfja starfrækir 44 apótek og útibú allan hringinn í kringum landið auk vefverslunar og apps.



N1 rekur 29 þjónustustöðvar og 68 eldsneytis-afgreiðslur um land allt ásamt bílaþjónustu og verslunum.



Yrkir er fasteignafélag Festi og rekur og þróar eignir og lóðir í eignasafninu. Tæpir 100 þúsund fermetrar af atvinnuhúsnæði í eigu eða rekstri félagsins.

Hlutdeildarfélög



ebk ehf.





Takk fyrir

◆ Fyrirvarar

- ◆ Allar upplýsingar í kynningunni byggja á heimildum sem Festi hf. telur áreiðanlegar við birtingu hennar, en ekki er hægt að tryggja að þær séu óskeikular.
- ◆ Allar upplýsingar í kynningunni eru í eigu Festi hf. Ekki er heimilt að afrita, breyta eða dreifa á nokkurn hátt upplýsingum úr kynningunni, hvorki að hluta til né í heild.
- ◆ Þessi kynning er aðeins ætluð til upplýsingagjafar en ekki sem hluti af eða grunnur að ákvarðanatöku viðtakenda. Viðtakendum ber ekki að túlka upplýsingar í kynningu þessari sem loforð eða leiðbeiningar. Festi hf. ber ekki að veita viðtakendum kynningar þessarar frekari upplýsingar um félagið eða gera breytingar eða leiðréttingar á henni ef upplýsingar sem liggja til grundvallar breytast.
- ◆ Framtíðarhorfur félagsins eru háðar fjölda áhættu- og óvissupátta sem geta haft þau áhrif að raunverulegur árangur í framtíðinni verði umtalsvert frábrugðinn því sem greint er frá í þessari kynningu. Þar má nefna ytri þætti á borð við gengi gjaldmiðla, heimsmarkaðsverð á eldsneyti, framboð á fjármagni, gildistöku nýrra laga og áhrif eftirlitsaðila ásamt öðru.
- ◆ Festi hf. tekur fram að viðtakendur kynningarinnar eiga ekki að treysta á staðhæfingar í henni í framtíðinni þar sem þær eiga eingöngu við á útgáfudegi kynningarinnar. Allar yfirlýsingar um framtíðarhorfur félagsins eru fullgildar í heild sinni með tilliti til þessara fyrirvara.
- ◆ Með móttöku þessarar kynningar staðfestir viðkomandi að hann sé bundinn af framangreindum fyrirvörum og takmörkunum.

